

✉ Re: 202202028 - Ósk um umsögn, Deiliskipulag útivistarsvæðis í Selskógi

Búið til	12.3.2023 14:50:31
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	12.3.2023 14:50:28
Tilheyrir	📁 202302-0025 - Deiliskipulag útivistarsvæðis í Selskógi við Egilsstaði, ósk um umsögn

Efni

Re: 202202028 - Ósk um umsögn, Deiliskipulag útivistarsvæðis í Selskógi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	12.3.2023 14:50:28	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is, skipulagsfulltrui@mulathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202302-0025 (SS, RT).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 10. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Selskógi við Egilsstaði.

Beðist er afsökunar á að umsögnin berst aðeins eftir tilætlaðan skiladag.

Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar snúa einkum að því að gæta þarf þess að framkvæmd á útivistarinnviðum og umhirðu á náttúrulegum birkiskógi svæðisins ógni ekki friðuðum plöntu- og fléttutegundum. Fundarstaðir slíkra tegunda eru allmargir í Egilsstaðaskógi en flestir skráðir fundarstaðir eru utan Selskógar. Þó eru innan skipulagssvæðisins þekktir fundarstaðir fyrir a.m.k. tvær sjaldgæfar fléttutegundir, gljádumbu (*Melamohalea septentrionalis*) sem er friðuð skv. auglýsingu nr. 1385/2021, og

gulstiku (*Parmeliopsis ambigua*). Báðar tegundir vaxa á birkistofnum. Fundarstaðir töluvert fleiri sjaldgæfra fléttutegunda eru þekktir í næsta nágrenni í Egilsstaðaskógi, Miðhússkógi og við Eyvindará, þ.m.t. friðaðra tegunda.

Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að framkvæma betri skoðun og skráningu á fléttufúngu svæðisins til að tryggja að ekki verði raskað vaxtarstöðum friðaðra tegunda. Sérstaklega ætti þá að skoða svæði þar sem stefnt er að því að ryðja birkikjarr. Margir þekktir fundarstaðir eru komnir nokkuð til ára sinna og þörf á að endurnýja kortlagningu á útbreiðslu fléttutegunda í Egilsstaðaskógi í heild sinni. Þar ætti Selskógur að vera í forgangi í ljósi þeirra áforma sem fjallað er um hér.

Ýmsar sjaldgæfar æðplöntur hafa einnig fundist í Egilsstaðaskógi, sumar friðaðar t.d. blæösp (*Populus tremula*) en aðrar einungis fágætar t.d. ferlaufungur (*Paris quadrifolia*). Þá eru sumar tegundir fremur sjaldgæfar eða bundnar við ákveðna landshluta t.d. sjöstjarna (*Trientalis europea*) sem aðallega er á Austurlandi. Gagnlegt væri að kanna betur flóru skipulagssvæðisins og sérstaklega útbreiðslu sjaldgæfra tegunda.

Að öðru leyti er margt jákvætt í deiliskipulagstillögunni og sérstaklega að skilgreint sé verndarsvæði fyrir birkiskóginn næst Eyvindará en áin og umhverfi hennar er á náttúruminjaskrá. Einnig að almennt eigi að halda í mikilvægi Selskógar sem plöntuverndarsvæði. Þess vegna er mikilvægt að huga að þeim ábendingum hér að ofan er varða sjaldgæfar fléttu- og plöntutegundir.

Stefnt er að ýmsum framkvæmdum á útivistarinnviðum, svo sem göngustígum, brúm, dvalarsvæðum o.fl. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við allar framkvæmdir sé raski haldið í algjöru lágmarki, sérstaklega á birkikjarri og undirgróðri þess.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>

To: "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "na@na.is" <na@na.is>; "Skógræktin - SR" <Skogur@skogur.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Rarik" <rarik@rarik.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>

CC:

Subject: 202202028 - Ósk um umsögn, Deiliskipulag útivistarsvæðis í Selskógi

Date: 10.2.2023 11:51:00

Góðan daginn,

Múlaþing auglýsir nú í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Selskógi við Egilsstaði.

Í ljósi þess hve langur tími hefur liðið frá kynningu vinnslutillögu er óskað að nýju eftir umsögnum samhliða auglýsingu skipulagstillögu.

Greinargerð og uppdráttur eru í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **10. mars 2023**.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir
Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði
Sveitarfélagið Múlaþing
(354) 4 700 748
soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)
www.mulathing.is
(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2F
&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C5
127d586dc8c427088a308db0b5cea4f%7C7
64a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0
%7C0%7C638116266599951046%7CUnkno
wn%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwM
DAiLCJQljojV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXV
CI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=
4SfsTZOMwKbHAaf6F9vqRARhijWePyOCh7n
kfCgAqRs%3D&reserved=0)

Skilmálar varðandi tölvupósti
(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2F
is%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-
tolvupost&data=05%7C01%7Cmottaka%40
ni.is%7C5127d586dc8c427088a308db0b5ce
a4f%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447c
d4%7C0%7C0%7C638116266599951046%7
CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4
wLjAwMDAiLCJQljojV2luMzliLCJBTil6Ik1haW
wiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&
sdata=seQd7OWQgQSDjxuLoJncrl8KbafPW
wbEkTkaF2V%2Bplk%3D&reserved=0)